



23. nóvember 2023

Tilv.: 2311064

Nefndarsvið Alþingis  
nefndarsvið@althingi.is  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fasteignalán til neytenda og lögum um nauðungarsölu (nauðungarsala og eftirstöðvar), 154. löggjafarþing, 74. mál.**

Með tölvupósti, dags. 10. nóvember sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fasteignalán til neytenda og lögum um nauðungarsölu (nauðungarsala og eftirstöðvar), 74. mál.

Frumvörp sem stefna að sama markmiði og frumvarp þetta hafa verið lögð fram nokkrum sinnum áður, síðast á 153. löggjafarþingi. Frumvarpið er efnislega óbreytt frá síðasta þingi þar sem Seðlabankinn skilaði umsögn, dags. 12. desember 2022.

Seðlabankinn skilaði einnig umsögnum um samskonar frumvörp 10. desember 2009, 4. apríl 2014, 5. febrúar og 10. nóvember 2020 og 21. mars 2022, þar sem m.a. var bent á efnahagsleg áhrif sem slík lagasetning gæti haft. Fjármálaeftirlitið (nú fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands) skilað einnig umsögnum við sambærileg frumvörp 9. júlí og 7. desember 2009 og 20. apríl 2012 þar sem bent var á að „yrði frumvarpið að lögum gæti það haft veruleg áhrif á endurheimtur lána hjá fjármálafyrirtækjum og lífeyrissjóðum, og þar með veruleg áhrif á afkomu einstakra aðila“. Þá skilaði Seðlabankinn umsögn 21. júní 2013 um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi.

Seðlabankinn telur flest af því sem fram kemur í ofangreindum umsögnum enn eiga við og áréttar því þau sjónarmið sem þar er lýst.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Rannveig Júníusdóttir  
framkvæmdastjóri  
skrifstofa bankastjóra

Guðrún Finnborg Þórðardóttir  
forstöðumaður  
skrifstofa bankastjóra

